



Halldór Hauksson (Halli Gulli) fæddist á Akureyri árið 1966. Hann byrjaði ungur að leika sér með heimatilbúna trommukjuða og þegar hann fékk sitt fyrsta trommuset, þrettán ára gamall, þá byrjaði hann að spila í hljómsveit. Halli Gulli stundaði slagverksnám í Tónlistarskólanum á Akureyri og í Tónlistarskóla FÍH. Frá tvítugsaldri hefur hann haft atvinnu af slagverksleik og leikið víða, allt frá litlum skemmtistöðum og í leikhúsum til stórra tónlistarhátíða, bæði innanlands og utan.

Hann hefur leikið með Sinfóníuhljómsveit Íslands jafnt og litlum tónlistarhópum. Frá árinu 2002 hefur Halli Gulli búið á Akureyri, þar sem hann kennir trommu- leik og spilar sjálfur við hvert tækifæri.